

Fundargerð 15. fundar ferðamálaráðs

8. febrúar 2008 - kl. 8:30-10:30 í iðnaðarráðuneyti

Mættir: Össur Skarphéðinsson (ÖS) iðnaðarráðherra, Svanhildur Konráðsdóttir (SK) formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH) varaformaður, Anna G. Sverrisdóttir (AGS), Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Jón Ásbergsson (JÁ), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS). Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir (ÓÝA) og Helga Haraldsdóttir (HH). Hanna Dóra Másdóttir (HDM) ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Breytingar á stjórn ferðamála - innleiðing ráðherra
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Breyting á skipan fulltrúa SAF í ferðamálaráði
4. Skipan nefndar um aðkomu ríkisins að fyrirkomulagi og fjármögnun ferðamála
5. Staðan á vinnu nefndar um ímyndarmál
6. Breytingar á lögum um ferðamál - samþykktar breytingar á lögum lagðar fram til kynningar
7. Uppbygging á fjölsóttum ferðamannastöðum - til umræðu
8. Viðhorfskönnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna - kynning
9. Önnur mál

1. Breytingar á stjórn ferðamála - innleiðing ráðherra

Ávarp ráðherra, sjá meðfylgjandi.

Ráðherra bauð ferðamálaráð velkomið í nýtt ráðuneyti og þakkaði ráðinu fyrir tillöguna sem gerð var í sjö liðum í ágústmánuði. Ráðherra sagðist telja fjármagni sem veitt er í ferðaþjónustu dreift of tilviljanakennt. Telur marga möguleikar innan stjórnkerfisins illa nýtta s.s. utanríkisþjónustuna. Einnig þurfi að huga að samstarfi við umhverfisráðuneytið. Sameiginlegur . slagkraftur ráðuneyta ætti að skila okkur meiru.

Formaður þakkaði ráðherra fyrir þennan yfirgripsmikla inngang og segir ferðamálaráð hlakka til að vinna með og fyrir ráðherra.

Ráðsmenn ræddu um breytingar á stjórn ferðamála og fögnuðu orðum ráðherra og opinskárrí umfjöllun um fjárlögin. Mörg verkefni séu framundan og ferðamálaráð tilbúið í slaginn. Rætt er um mikilvægi uppbyggingar vegna fjölgunar ferðamanna, umhverfismál og mannauðinn sem þarf að vera í þessari þjónustugrein. Ráðherra sagði stjórnsmálsmenn stundum líta á ferðaþjónustu sem aukabúgrein í samfélaginu sem hafi orðið til með tilviljanakenndum hætti.

Ráðherra sagði þetta lærdómsríkar umræður og hann hlakkaði mjög til samstarfsins. Hann yfirgaf síðan fundinn kl. 9:15.

Áður en gengið var til áframhaldandi dagskrár bauð formaður nýjan ferðamálastjóra, Ólöfu Ýrr Atladóttur, velkomna á fyrsta fund sinn sem áheyrnarfulltrúi í ferðamálaráði.

ÓÝA sagði frá störfum sínum frá áramótum er hún tók við embætti. Hún hefði kynnt sér starfsemi Ferðamálastofu á innlendum og erlendum vettvangi og fundað með aðilum í ferðaþjónsutu vítt og breitt um landið.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 14. fundar samþykkt.

3. Breyting á skipan fulltrúa SAF í ferðamálaráði.

Anna G. Sverrisdóttir var boðin velkomin til starfa.

4. Skipan nefndar um aðkomu ríkisins að fyrirkomulagi og fjármögnun ferðamála

Farið er yfir skipunarbréf níu manna nefndar ráðherra sem ætlað er að hefja störf fljótlega.

Ráðsmenn telja skipun nefndarinnar mjög tímabæra.

DBE veltir fyrir sér hver afurð nefndarinnar skuli vera, hvort til standi að gera tillögur um breytingu á lögum eða stofnanastrúktúr eða hvort þetta eigi að vera stefnuplagg fyrir stofnanir ráðuneytisins. Nefndarmenn eru sammála um að það þarf að þrengja og skerpa fókusinn og hugsa skilin 1. maí n.k. sem áfangaskil.

5. Staðan á vinnu nefndar um ímyndarmál

Formaður fer lauslega yfir störf sérsveitarinnar sem skila muni tillögum til forsætisráðherra í byrjun mars.

6. Breytingar á lögum um ferðamál - samþykktar breytingar á lögum lagðar fram til kynningar

Lagðar fram lagabreytingar. Aðallega eru breytingarnar til einföldunar.

7. Uppbygging á fjölsóttum ferðamannastöðum - til umræðu

Liðnum var frestað vegna tímaskorts.

8. Viðhorfskönnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna - kynning

Oddný Ólafsdóttir, sérfræðingur á Ferðamálastofu, kynnti niðurstöður könnunarinnar.

9. Önnur mál

- Ákveðið að stefna að fundum í ráðinu annan föstudag í mánuði.

- GMS óskaði eftir að fá „Græna hugsun“ inn á dagskrá næsta fundar enda sé hún stór hluti af gæðum ferðaþjónustunnar.

Fundi slitið 10:25